

## Nefndarálit

um frv. til l. um vishönnun vöru sem notar orku.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson og Vigdís Evu Líndal frá iðnaðarráðuneyti.

Umsagnir bárust nefndinni frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Tæknimiðstöð Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Umhverfisstofnun og Hönnunarmiðstöð Íslands ehf.

Frumvarpinu er ætlað að stuðla að þróun og notkun orkunýtinna vara með það að markmiði að tryggja vishönnun vöru með minni orkunotkun og draga úr áhrifum orkunotkunar á umhverfið. Þá er frumvarpinu ætlað að tryggja frjálst flæði slíkra vara um EES-svæðið. Því er ætlað að taka til hvers konar vöru sem notar orku að undanskildum farartækjum og tækjum sem þegar hafa verið tekin til notkunar, markaðssett eða verið flutt inn við gildistöku laga samkvæmt frumvarpinu.

Frumvarpið byggist á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB um vistvæna vöruþróun. Við samningu frumvarpsins voru höfð til hliðsjónar lög nr. 51/2000, um orkunýtni-kröfur, lög nr. 72/1994, um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., auk danskra og sænskra laga um vishönnun vöru sem notar orku. Markmiðið er að draga úr raforkunotkun innan ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Frumvarpið felur ekki í sér efnisreglur um orkunýtni-kröfur og umverfisálag heldur er lagt til í 12. gr. að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að setja reglugerðir um orkunýtni einstakra vöruflokka sem byggjast á áður nefndri tilskipun og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB og 2000/55/EB. Lögin skapa grunninn að þessu fyrirkomulagi og þess vegna er í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 8. gr. notað orðalagið „samkvæmt lögum þessum og reglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra“.

Með frumvarpinu er lagt til að eftirlit með því að vörur uppfylli kröfur laganna og reglugerða settra á grundvelli þeirra verði falið Neytendastofu samkvæmt þeim heimildum sem henni eru veittar í lögum nr. 134/1995, um öryggi og opinbera markaðsgæslu. Samkvæmt þeim lögum fara Neytendastofa og viðeigandi eftirlitsstjórnvöld með opinbera markaðsgæslu og taka stjórnvaldsákvæðanir í samræmi við ákvæði laganna. Einnig skulu þau hafa eftirlit með því að vörur á markaði hverju sinni uppfylli settar reglur um öryggi. Við markaðseftirlitið er heimilt að fela faggiltri skoðunarstofu að annast skoðun þeirra vöruhegunda sem hún hefur faggildingu fyrir og annast auk þess skipulega öflun upplýsinga um vörur á markaði sem taldar eru hættulegar.

Á fundum sínum ræddi nefndin fjölmörg atriði, m.a. um gildissvið og inntak laganna, um hugtök, um samræmismat og eftirlit opinberra aðila með CE-samræmismarkeringum áður en vara er sett á markað.

Fyrir nefndinni kom fram athugasemd varðandi hugtakið „háð orkuilagi“, það væri óþekkt í hugtakanotkun hér á landi. Nefndin tekur undir þessa athugasemd og leggur því til að í stað þess hugtaks komi „nýtir orku“ í a-lið 3. gr. frumvarpsins.

Þá var því einnig hreyft fyrir nefndinni að orðin „eða vara til framleiðslu, flutnings og mælingar á slíkri orku“ í a-lið 3. gr. feli í sér að frumvarpið nái einnig til búnaðar sem vinni orku eða er notaður til framleiðslu. Nefndin áréttar að frumvarpið er um vishönnun vöru sem notar orku en tekur ekki til búnaðar til raforkuflutnings eða til raforkuframleiðslu. Leggur nefndin því til að sá liður í setningunni verði felldur brott úr ákvæðinu.

Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að Neytendastofu einni væri falið eftirlit og dagleg stjórnsýsla eins og fjallað er um í 10. gr. frumvarpsins. Nefndin bendir á að Neytendastofa fer með almenna markaðsgæslu og hefur eftirlit með því hvort tilteknar vörur uppfylli skilyrði og beri CE-samræmismerkingar. Ef vara sem notar orku ber ekki CE-merkingu tekur Neytendastofa vöruna til skoðunar. Komi upp tilvik þar sem markaðsgæslan leiðir í ljós hugsanlegt brot á lögnum getur Neytendastofa leitað álits hjá öðrum aðila sem hefur sérþekkingu á viðkomandi vöru. Nefndin áréttar að þessi þáttur frumvarpsins var sendur til ráðgjafarnefndar forsætisráðuneytis um opinberar eftirlitsreglur og gerði nefndin engar athugasemdir. Þá komu fram athugasemdir um að hugtakið „tekin til notkunar“ sé óljóst og ekki nægilega skilgreint í frumvarpinu. Nefndin leggur áherslu á að með frumvarpinu er verið að setja nýjar grunnkröfur sem vörur sem nota orku skulu uppfylla svo að þær fái CE-samræmismerkingar. Frumvarpinu er því ekki ætlað að taka til vöru sem er búð að framleiða, flytja inn, markaðssetja og taka til notkunar fyrir gildistöku laganna.

Nefndin telur nauðsynlegt að frumvarpið verði að lögum til að tryggja samræmda löggjöf innan EES og til að koma í veg fyrir að í framtíðinni verði hingað fluttar inn vörur sem uppfylla ekki kröfur annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

#### BREYTINGU:

A-liður 3. gr. orðist svo: *Vara sem notar orku*: Vara sem, þegar henni hefur verið komið á markað og/eða hún tekin í notkun, nýtir orku (rafmagn, jarðefnaeldsneyti eða endurnýjanlega orkugjafa) til að virka sem skyldi eða vara til flutnings og mælingar á slíkri orku, þ.m.t. hlutir, sem nýta orku og ætlunin er að setja í vöru sem notar orku og fellur undir lög þessi, sem eru settir á markað og/eða teknir í notkun sem stakir hlutir fyrir notendur og unnt er að meta sérstaklega að því er varðar vistvænleika.

Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 2009.

Katrín Júlíusdóttir,  
form., frsm.

Álfheiður Ingadóttir.

Eygló Harðardóttir.

Helgi Hjörvar.

Herdís Þórðardóttir.

Kristján Þór Júlíusson.

Björk Guðjónsdóttir.

Grétar Mar Jónsson.